

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Skútustaðahreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjöld) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

	kr.
Íbúðir	13.900
Fyrirtæki:	
a)	13.900
b)	38.100
c)	69.300
d)	127.000
e)	248.300
f)	375.400

Sveitarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka eftir eðli og umfangi starfsemi þeirra.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 8. gr. samþykktar nr. 541/2000 um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra. Gjaldskráin er samin og samþykkt af sveitarstjórn Skútustaðahrepps og staðfest á fundum hennar þann 13. janúar og 5. febrúar 2005.

Skútustaðahreppi, 21. febrúar 2005.

Sigbjörn Gunnarsson sveitarstjóri.

GJALDSKRÁ

byggingarleyfisgjalda í Mosfellsbæ.

1. gr.

Fyrir yfirferð og samþykkt aðaluppdráttar og fylgiskjala þeirra, sem gerðir eru vegna nýbygginga, viðbygginga og breytinga á eldri byggingum í Mosfellsbæ, skal byggingarfulltrúinn í Mosfellsbæ innheimta byggingarleyfisgjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Vegna yfirferðar og samþykktar aðaluppdráttar og fylgiskjala skal byggingarfulltrúi innheimta byggingarleyfisgjöld sem hér segir:

- A) Vegna allra byggingarleyfisumsókna skal greiða lágmarksgjald við móttöku umsóknar kr. 6.000.
- B) Fyrir hvern rúmmetra í nýbyggingu eða viðbyggingu skal greiða byggingarleyfisgjald er nemi 60 kr.
- C) Við endurnýjun byggingarleyfa skal greiða lágmarksgjald.